



## Minnisblað

Dags.: 30.04.2024

**Frá: Steinari Sigurjónssyni, umsjónarmanni umhverfismála**  
**Dreifing: Sveitarstjórn**

### Efni: Tjaldsvæðið á Borg

Í kjölfar þess að samningi um rekstur tjaldsvæðisins á Borg var sagt upp núna í vetur var settur saman starfshópur til að endurskoða leigusamning og skilmála vegna leigu á tjaldsvæðinu, auk þess að setja saman auglýsingu og annast umsóknarferli.

Í starfshópnum voru Iða Marsibil Jónsdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson og Steinar Sigurjónsson. Hópurinn hittist tvisvar áður en til auglýsingar á svæðinu kom. Ákveðið var að leggja drög að svæðaskiptingu á tjaldsvæðinu og setja ákvæði um hvers konar útleiga væri leyfileg á hverju svæði fyrir sig (langtíma-, skammtíma-, vetrarleiga o.s.frv.) Þá var ákveðið að bjóða áhugasömum umsækjendum upp á að koma og skoða svæðið.

Alls voru níu sem sóttu gögnin, sex sem komu að skoða svæðið, og loks sex sem skiluðu inn gildri umsókn. Ákveðið var að bjóða öllum umsækjendum að koma í viðtal, og þáðu allir umsækjendur boðið. Þriggja manna starfshópurinn tók öll viðtölin og voru þau öll uppbyggð með sama hætti, þar sem stuðst var við lista með fimmtán spurningum, og svörin svo metin á matsblaði þar sem horft var til þeirra tíu þátta sem taldir voru mikilvægastir er varðar hæfni til að reka tjaldsvæðið.

Að loknum viðtölum var það einróma niðurstaða starfshópsins að tveir umsækjendur þættu skara fram úr og uppfylla allar væntingar sem sveitarfélagið gerir til rekstraraðila, hér eftir umsækjendur **1** og **4**, og er því lagt til að sveitarstjórn velji á milli þessara umsækjenda. Báðar umsóknirnar voru vel unnar og gáfu skýra mynd af framtíðarsýn og væntanlegum rekststi, auk þess sem umsækjendur komu vel út úr viðtölum. Báðir umsækjendur eru með sterkan rekstur fyrir sem minnkar líkur á þjónustuskerðingu komi til tekjusamdráttar, auk þess sem báðir umsækjendur lögðu fram mótaðar hugmyndir um aðgangsstýringu og pöntun á stæðum að hluta. Þá sáu báðir aðilar fyrir sér lengda opnun á svæðinu og voru tilbúnir til að leggja fram fjármagn til uppbyggingar á svæðinu.

Í meðfylgjandi töflu eru bornir saman þeir kostir umsækjenda sem greina á milli þeirra, þ.e. þeir kostir sem ekki eru sameiginlegir. Farið verður betur yfir þá kosti, umsóknirnar sjálfar og spurningum sem kunna að vakna á fundi sveitarstjórnar.

Umsækjandi 1	Umsækjandi 4
<ul style="list-style-type: none"><li>Mikil reynsla af rekstri tjaldsvæða</li><li>Yfirmaður með reynslu af tjaldsvæðum</li><li>Sjálfsafgreiðslulausn tilbúin í sumar</li><li>Sólarhringsviðvera júní – ágúst</li><li>Tengsl við Útilegukortið</li><li>1 m.kr. á ári í uppbyggingu</li><li>Markaðsefni stílað á ferðamenn</li><li>Ekki framtíð í langtímastæðum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Reynsla af ferðaþjónustu og rekstri í sveitarfélaginu</li><li>Mikil viðvera og vel mannað – stjórnendur sjálfir með viðveru</li><li>Öruggt fjármagn í uppbyggingu, t.d. aðstöðuhús</li><li>Tengsl við nærumhverfi – skemmtanir f. gesti jafnt sem íbúa</li><li>Starfsfólk með lögheimili í sv.f. – íbúð á Borg</li><li>Fókus á fjölskyldufólk</li></ul>



Báðir umsækjendur uppfylla öll skilyrði samkvæmt þeim skilmálum sem settir voru, auk þess sem þeir teljast báðir fullkomlega hæfir að mati starfshópsins.

Lagt er til að sveitarstjórn staðfesti hvorn aðilan skuli ganga til samninga við svo að hefja megi rekstur á svæðinu sem fyrst.

*Steinar Sigurjónsson*